

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður. Málkostnaður falli niður.

Nr. 16/1903:

Réttvísln

gegn

Guðjóni Böðvarssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Rangárvallasýslu uppkveðnum 29. ágúst f. á. var hinn ákærði, Guðjón Böðvarsson, vinnupiltur á Unhól, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar á meðal 12 kr. í málsvarkaup, en dómi þessum hefir verið skotið til yfir dómsins að ráðstöfun valdstjórnarinnar.

Hinn ákærði, sem er fæddur 28. desbr 1883 og hefir eigi áður sætt dómi eða refsingu fyrir nokkurt afbrot, gaf þá játningu fyrir lögreglurétti Rangárvallasýslu 26. nóvember 1901, að hann hefði síðast í septembermánuði næst á undan stolið 3 krónum (tveggja-krónu-pening og ein-krónu-pening) úr ólæstri kómmóðu í bæjardyrnum á Unhóli, en peningana átti húsbóndi hans. Lét hann peningana í vestisvasa sinn, en af því að gat var á vasanum, týndi hann þeim.

Í sama réttarhaldi jataði ákærði ennfremur, að hann hefði þá um sumarið um sláttinn tekið 3 hrossskinnslengjur úr eldhúsinu á Unhóli, er hús-

bóndi hans átti, og falið þær, fyrst í heygardi og síðan fyrir utan túngarðinn; gjörði hann þetta í því skyni að kasta eign sinni á þær; eina skinnlengjuna sagðist hann þó hafa látið aftur í eldhúsið, en um hinar vitjaði hann eigi fyr en eftir viku og voru þær þá horfnar. Framburður ákærða um atvik að þjófnaði þessum var töluvert á reiki og eigi ósjaldan óáreiðanlegur, en aðrar skýrslur, er fengnar hafa verið í málinu, styðja játningu hans um stuldinu á peningunum og skinnlengjunum, sem hann virðist hafa gefið án nokkurrar þvingunar. Þessa játningu sína tekur hinn ákærði þó aftur fyrir lögregluréttinum 27. desbr. 1901 og 9. janúar 1902; segir hann þá, að hann hafi gjört hana fyrir hræðslu sakir, og að hann hafi eigi »tekið neina peninga frá húsbónda sínum« og »aldrei tekið nein skinn«.

Samkvæmt N. L. 1—15—1 verður þessari afturköllun ákærða á fyrri játningu hans eigi gaumur gefinn, enda styrkist hún eigi við neitt það, sem annars er upplýst í málinu. Það verður því að dæma hinn ákærða fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. almennta hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin með hliðsjón af 38. gr. og 58. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð, eins og gjört er í aukaréttardóminum. Málskostnaðarákvæði dóms þessa samþykkjast einnig, þó svo, að málsvarnarlaun í héraði ákveðist 8 kr. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækj-

anda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, sem ákveðst 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur skal vera óraskaður, þó svo, að málsvarnarlaun í héraði til síra Ólafs Finnssonar, séu 8 kr. Ákærði Guðjón Böðvarsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 1/1903:

Páll Bjarnarson

gegn

Þorleifi presti Bjarnasyni.

Úrskurður:

Mál þetta höfðaði í héraði fyrir gestarétti Þingeyjarsýslu Þorleifur prestur Jónsson gegn Páli Bjarnarsyni út af meiðyrðum og var það dæmt í héraði 8. ágúst 1902 með þeim úrslitum, að áfrýjandi þessa máls, Páll Bjarnarson, skyldi greiða 300 kr. sekt til landssjóðs, eða sæta einföldu fangelsi í 90 daga, væri sektin eigi greidd í ákveðinn